

Gammafundur mánudaginn 16. janúar 2023 - Bókafundur

Fundur haldinn í Stapaselinu hjá Ingibjörgu Jónasdóttur

Ritari: Bjarndís Fjóra

Hrefna kveikti á kertunum eins og vant er og því næst var Bjarndís Fjóra með nafnakall.

Hrefna var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um hugvíkkandi efni sem mikið hefur verið rætt um í samfélaginu undanfarið og þá ekki síst hvernig umræðan hefur verið. Hún var hugsi yfir fjölmiðlaumfjölluninni undanfarið. Hugvíkkandi efni eru frekar nýtt hugtak, a.m.k. fyrir almenning. Áður fyrr eða hingað til hefur oft verið talað um eitruyf. Umræðan er komin fremur skammt á veg og mikil rannsóknarvinna þarf að eiga sér stað áður en hægt er að fullyrða um gagnsemi til langtíma litið. Framkvæma þarf fleiri þriggja fasa rannsóknir sem getur líka verið snúið þegar tryggja þarf öryggi þátttakenda. Eins og staðan er núna er ekki enn búið að sýna fram á meiriháttar áhrif til bata á geðsjúkdómum.

Umræðan hefur verið mjög sérstök og fjölmiðlar fjalla um málefnið á frekar óábyrgan hátt. Ekki margir sem höfðu fyrir því að kanna bakgrunn viðmælenda, t.a.m. hvort meintir háskólar sem viðkomandi voru í svokölluðu doktorsnámi við væru viðurkenndir háskólar með viðurkennt nám o.s.frv. Einnig hverjir standa á bak við þessa svokölluðu skóla. Hafa lyfjafyrirtækin mögulega áhuga á að koma hér að málum? Ef eitthvað er of gott til að vera satt er það því miður oft svo.

Við erum með gagnreyndar meðhöndlunir við geðrænum veikindum eins og t.d. hugræna atferlismeðferð, ákveðin geðlyf o.fl. Því miður eru tilfelli þar sem þær lausnir sem til eru virðast ekki virka og því eðlilegt að mjög veikir einstaklingar leiti lausna. En þeir eru líka viðkvæmur hópur. Þetta er kynnt sem töfralausn í samfélaginu og jafnvel af fólki sem er ekki endilega enn búið að vinna úr sínum málum, mögulega nýkomið úr neyslu og öðrum erfiðleikum. Orðum fylgir ábyrgð og ekki tímabært að lofa of miklu. En í erfiðum tilfellum, til dæmis hjá fyrrverandi hermönnum sem þjást af áfalla- og streituröskun virðist leidd vinna með hugvíkkandi efni hafa hjálpað. En tíminn leiðir í ljós hvort sá árangur helst, hvort einhverjar aukaverkanir eru eða áhætta og hvort mæla megir með því.

Rætt hefur verið að nýjar brautir myndist í heilanum með notkun hugvíkkandi efni. En þá velti Hrefna fyrir sér hvernig má stýra því hvaða brautir verða til og hvaða brautir hverfa? Í raun er ekki hægt að stýra því og má þá velta fyrir sér hvort ekki sé hætt á að mikilvægar tengingar í heilanum tapist? Notkun hugvíkkandi efna hefur líka orðið að hálfgerðri tiskubylgju þar sem fólk sem er ekki endilega að glíma við alvarlega geðræna kvilla heldur einhvers konar vanlíðan eða er einfaldlega leitandi, fer að sækja samkomur þar sem þessi efni eru notuð. Ef fólk líður svona illa og er æ oftartínt í veröldinni má spyrja sig hvort það sé þá kannski merki um að eitthvað sé að umhverfinu og samfélaginu frekar en fólkinu sjálfu. Er lyfjagjöf þá svarið? Er ekki eitthvað að þegar stór hluti fólks þarf orðið lyf til að umbera samfélagið og hversdagsleikann?

Næst á dagskrá voru umræður um bækurnar Þetta rauða það er ástin eftir Rögnu Sigurðardóttur og Eden eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Skipt var í þrjá hópa og sköpuðust líflegar umræður.

Hápunktar:

Þetta rauða það er ástin

Höfundur nær tíðarandanum vel í París. Rætt var um hvernig aðalpersónan var ákveðin í að komast áfram í listinni. Hún verður ófrísk og ástfangin en hún lætur það ekki stöðva sig. Lýsingar á kennsluháttum voru áhugaverðar. Hún hafði ekki áhuga á mat. Margar konur vorkenndu Kjartani að hann fékk ekkert að vita. Rætt um hvernig týpa Elsa var, er hún í lagi? Gæti alveg verið á einhverfurófinu, var ein hugmynd. Tíðarandanum er mjög vel lýst. Einstaklingar voru að styrkja listamenn til þess að fara í nám. Veltum fyrir okkur styrkjunum sem voru í boði. Hún var með svo mikla ástríðu fyrir listinni. Hafði mikla þekkingu og hugsaði mikið um uppbyggingu málverka og lýsti vel litum og áferð. Tók Elsa rétta ákvörðun? Gagnvart sjálfri sér fyrir framtíðina, hvað er rétt?

Eden

Allar mjög ánægðar með bókina. Góð að lesa, auðveld framsetning. Fjallað er um stór samfélagsmál innflytjendur, siðferðisleg mál, umhverfismál. Skemmtilegt hvernig samband aðalpersónunnar við Daníel þróaðist. Falleg ljóðin sem Daníel samdi: Ég tók með mér vatnsflösku og síma, sjórinn er saltur eins og tár.

Umfjöllin um orðin og tungumálið er skemmtilega framsett. Raunsæ umfjöllun um líf og samfélagið í þorpinu. Umhverfissamviskubít er yfir og allt um kring og stýrir því að hún kaupir landið og fer að rækta.

Persónan sjálf segir hvergi sinn hug, lýsir athöfnum og staðreyndum en ekki hvernig henni líður. Snilldarlegt hvernig hún tengir saman þessi stóru samfélagslegu mál.

Lýsir vel sambandi innflytjenda við þorpsbúa. Merkilegt hvernig henni tekst að halda spennu allan tímann. Bókin er margræð. Þetta er alveg stórkostleg bók.

Kaffiveitingar – Pálínuboð, þær Gammakonur sem vildu og gátu komu með gómsætar veitingar þannig úr varð glæsilegt veisluborð.

Rósir afhentar húsráðanda og svo var ein afmælisrós – afmæli Ragnhildur Þórarinsdóttir 70 ára, var því miður fjarri góðu gamni þar sem hún var á spítala. Ingibjörg Jónasdóttir var svo indæl að koma rósinni og kortinu til hennar síðar og var Ragnhildur afar þakklát eins og sjá má á tölvupósti sem hún sendi okkur.